



Menningar- og friðarsamtökin MFÍK

26. október 2010

Mál 18

Umsögn um frumvarp til laga um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja.

Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorkuvopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja hafa verið eitt af baráttumálum Menningar- og friðarsamtakanna MFÍK til margra ára og því fagna forsvarsmenn samtakanna þessu frumvarpi til laga. Mikilvægt er að Ísland njóti alþjóðlegrar viðurkenningar sem friðlýst svæði og leggi sitt af mörkum til afvopnunar og friðar í heiminum.

Menningar- og friðarsamtökin MFÍK gera athugasemd við 3. gr. frumvarpsins og leggja til að seinni hluti málgreinarinnar þar sem segir: „**en tekur ekki til flutningstækja eða útbúnaðar sem koma á sprengjunni eða vopninu í skotmark ef tækið eða búnaðinn má skilja frá sprengjunni eða vopninu**“ verði felldur í burtu, þannig að eftir standi: „**Í lögum þessum merkir „kjarnorkuvopn“ hvers kyns vopn eða sprengju þar sem kjarnorka er leyst úr læðingi við notkun hvort sem það er samsett eða ósamsett að nokkru eða öllu leyti.**“

Samtökin gera einnig athugasemd við 10. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um undanþágu fyrir friðsamlegri umferð eða gegnumferð farartækja án óþarfa viðvalar og telja að 12 sjómílna mörk séu of lítil og leggja til að þetta atriði verði endurskoðað.

Virðingarfyllst,

stjórn Menningar- og friðarsamtakanna MFÍK.